

Grindavíkurbær  
Atli Geir Júlíusson  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík

Reykjavík, 11. janúar 2023  
UST202211-216/A.B.  
10.04.03

## Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Útivistarsvæði við Þorbjörn - Grindavíkurbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grindavíkurbæjar er barst 25. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæðið á og í kringum Þorbjörn í Grindavík.

Í greinargerð kemur fram markmiðið með tillögunni sé að móta framtíðarsýn og leggja fram stefnu um útivistarsvæðið og hvernig viðhaldi og uppbyggingu skuli háttað.

Tillagan gerir ráð fyrir leiðum fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarendur um svæðið, akstursleiðum og aðkomu, bílastæðum, áningarstöðum og aðstöðu til að njóta útsýnis og skógræktarsvæði. Auk þess eru minjar skráðar og skilgreindar í tillögunni, eins og hraunjaðar, og einnig hvaða tegundir af umferð eða athöfnum eru leyfilegar og hvaða takmarkanir eru.

### Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að á skipulagssvæðinu eru tvö svæði sem eru á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að sjá afmörkun svæða á náttúruminjaskrá á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands.<sup>1</sup>

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan rýri ekki verndargildi svæðisins en að mati Umhverfisstofnunar hefur tillagan áhrif á hraunmyndanir, ásýnd og landslag.

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar segir: „104. Sundhnúksröðin og Fagridalur, Grindavík. (1) Sundhnúksgígaröðin öll, frá Melhól í vestur að hraunkantinum sunnan Þorbjarnarfells, með honum vestur og norður fyrir fellid, að háspennulínu sem er u.þ.b. 200 m vestan þjóðvegjar. Mörkin fylgja síðan línunni til norðurs að stað 2 km norðan Arnarseturs og þaðan austur í horn landamerkjálínu við norðausturhorn Litla-Skógfells, síðan beina línu sem hugsast dregin til norðausturs í Kálffell. Þaðan liggja mörkin í Fagradals-Vatnsfell og því næst um beina línu sem dregin er til suðvesturs um Fagradalsfjall, Sandhól, Vatnsheiði og að lokum í Melhól. (2) Tæplega 9 km löng gígaröð sem kennd er við Sundhnúk. Fallegar hrauntraðir í suðvesturhlíð Hagafells. Grindavíkurbær stendur á hrauni úr gígaröðinni. Fagridalur er grösugt dalverpi við norðvesturhorn Fagradalsfjalls. Söguminjar.“<sup>2</sup>

<sup>1</sup> <https://natturuminjaskra.ni.is/>

<sup>2</sup> <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/>

Auk þess er annað svæði á náttúruminjasrá á skipulagssvæðinu sem er einnig víðfeðmt og nefnist *Reykjanes, Eldvörp og Hafnarberg*. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar segir: „106. *Reykjanes, Eldvörp og Hafnarberg, Grindavík, Reykjanesbæ, (áður Hafnahreppur), Gullbringusýslu. (1) Mörk liggja úr Mölvík, um 2 km austan við Háleyjabungu, í Þorbjarnarfell og um Lágar og Vörðugjá í Stapafell. Þaðan bein lína í vestur að eyðibýlinu Eyrarbæ við norðurenda Hafnabergs. (2) Reykjanesið er framhald Reykjaneshryggjarins á landi. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávartjörn. Hafnarberg er lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar.“*

### **Hraun og gönguleið**

Í greinargerð segir að lögð verði áhersla á að umhverfisgæði svæðisins nýtist til útivistar og að fullt tillit verði tekið til ósnortinnar náttúru og tekur stofnunin undir þau markmið. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að tillagan og framkvæmdir raski ekki náttúrunni frekar og að náttúrugæði svæðisins séu endurheimt eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið innan svæðisins og sem umlykur fellið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun á hrauni, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Tillagan gerir ráð fyrir að göngustígur muni liggja um óraskað hraun sem nýtur sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun telur að stígur sem liggur norðvestan við Þorbjörn muni valda raski á hrauni og þar af leiðandi valda neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að valin sé önnur leið fyrir stíginn sem mun ekki raska hrauni.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### **Hraunjaðar**

Verndarsvæði hraunjaðars er afmarkað á uppdrætti en að mati Umhverfisstofnunar er lítið fjallað um jaðarinn í greinargerð. Auk þess telur stofnunin að hægt sé að afmarka fleiri verndarsvæði hraunjaðars á skipulagssvæðinu.

### **Bílastæði**

Í tillögunni er gert ráð fyrir fjórum bílastæðum fyrir allt að 75 bíla og tvær rútur. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að fram komi með skýrum hætti hversu mörgum stæðum er gert ráð fyrir á hverjum stað. Auk þess þyrfti að mati stofnunarinnar að teikna og afmarka bílastæði með nákvæmari hætti á uppdrætti.

### **Skógrækt**

Umhverfisstofnun telur jákvætt að afmörkuð séu svæði fyrir skógrækt til útivistar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógrækt sé í ákveðinni fjarlægð frá hraunjöðrum svo þeir fái að njóta sín.

Að auki telur stofnunin að skógrækt upp í hlíðar Þorbjarnar geti haft neikvæð áhrif á ásýnd fellsins og því mikilvægt að skógrækt rýri ekki ásýnd fellsins og landslag svæðisins. Umhverfisstofnun telur að grenitré í fullri hæð í hlíðum fellsins muni hafa áhrif á ásýnd þess.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarmínjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skógræktin rýri ekki verndargildi hrauna og náttúruinja og bendir stofnunin á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar.“

### **Uppdráttur**

Umhverfisstofnun telur uppdráttinn sem fylgir tillögunni ágætur. Hins vegar er ósamræmi á milli skýringa uppdráttarins og uppdráttarsins sjálfs sem gæti valdið ruglingi. Einnig telur stofnunin að hönnun á bílastæði og nákvæmari afmörkun þeirra ætti að vera betri.

### **Leiðir - Stígar**

Tillagan gerir ráð fyrir stikaðri brattri leið frá skógræktarsvæði upp á Þorbjörn. Umhverfisstofnun telur að þessi stikaða leið þurfi mikið viðhald en hún virðist vera mikið

farin. Afmarkaður er slóði á uppdrætti, en lítið er fjallað um hann í greinargerð og óljóst er hvernig hann skilgreinir sig frá öðrum gönguleiðum. Að mati stofnunarinnar ætti að kalla hann göngustíg. Gert er ráð fyrir reiðleið og hjólastíg en erfitt er að sjá hvar þessar leiðir eru á uppdrætti.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*